

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Örfirisey



Dags eftirlits	2.10.2014	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST		
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Steinar Guðnason	ÍSAT nr.	51.51.0	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	356932,537	409711,484

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd er gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Komið var í olíubirgðastöð Skeljungs hf. í Örfirisey þar sem mánaðarblöð í rekstrarhandbók voru yfirfarin, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skrá skal viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarnabúnaði, magn og gerð móttækinnar úrgangsolíu, magn og gerð spilliefna og einnig skal skrá mengunaráhöpp og viðbrögð við þeim. Skráningar eru í góðu lagi.

29. mars sl. ollu hiti og raki olíuleka úr svartolíugeymi þegar tæringargat kom á geymi nr. 4 í Örfirisey. Óhappið varð þegar verið var að landa um 2000 tonnum af svartolíu. Hönnunargalli við einangrun og klæðningu geymisins áttu þátt í þessu. Olía lak út í mengunarnarþró um geyminn þar til buið var að dæla úr geyminum niður fyrir tæringargatið. Gert hefur verið við geyminn og lagfæring á þróarbotni stendur yfir. Menguðum jarðvegi verður fargað á viðeigandi hátt. Óhappið hafði engin áhrif út fyrir olíubirgðastöðina.

Enn er unnið að viðhaldi á löndunarlögnum. Skrapað er upp ryð við samsetningar á rörum og ryðvarnarmálning borin á samskeytin. Þessu verki ætti að ljúka fljótlega.

Allar lagnir sem ganga út úr mengunarnarþró voru þrýstiprófaðar árið 2013 og allir geymar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum.

Fimm olíuskiljur eru í olíubirgðastöðvunum og þar af ein á Eyjagarði. Olíuefni í frárennsli frá skiljum í stöðinni hefur verið greint með olíuprófi Macherey-Nagel. Ekki greindist olía í neinu af frárenslum stöðvarinnar. Krafa er um árlegar mælingar. Sjálfvirkir skynjarar á magni olíu eru í þeim olíuskiljum þar sem mest álag er á kerfinu. Skilaboð eru send til vaktmanna ef olíumagn í skiljum nær ákveðnu marki.

Bensín er geymt í stöðinni og skal skýrsla um virkni gufuendurnýtingarbúnaðar berast Umhverfisstofnun á árinu.

Í maí barst kvörtun til Umhverfisstofnunar vegna „lyktar“ frá olíubirgðastöðvunum. Lyktin er rakin til vinnslu úrgangsolíu í Örfirisey. Sameiginleg öryggisnefnd félaganna í Örfirisey tekur kvartanir til umfjöllunar og finnur lausn á þeim. Áfram er unnið að því að draga úr lyktarmengun frá starfsemi. Meðhöndlun bensíns og úrgangsolíu ber þó með sér að lykt mun alltaf koma frá starfsemi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Girðingar og hlið voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

1. Við tæringargat á geymi nr. 4 lak olía út í mengunarvarnarþró. Gert hefur verið við geyminn. Ljúka þarf viðgerð á mengunarvarnarþró á árinu.

Reykjavík, 19.11.2014



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.